

# Reglur um þjónustuíbúðir aldraðra í eigu Ísafjarðarbæjar

## I. kafli Inngangur

### 1. gr. Þjónustuíbúðir

Með þjónustuíbúð er átt við hverja þá leiguíbúð í eigu Ísafjarðarbæjar sem er sérstaklega ætluð öldruðum, sbr. 4. tl. 13. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Í þjónustuíbúðunum er öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu svo sem mat í hádegi, þvotti og þrifum og aðgangur að félagsstarfi og félagslegri heimaþjónustu. Starfsfólk er til staðar á daginn og sólarhringsvaktþjónusta er veitt.

Þjónustuíbúðir í eigu Ísafjarðarbæjar eru á eftirtöldum stöðum:

- Hlíf I, Ísafirði, einstaklingsíbúðir og hjónaíbúðir.
- Tjörn, Þingeyri, einstaklingsíbúðir og hjónaíbúð.

*Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar fer með úthlutun þjónustuíbúða í eigu Ísafjarðarbæjar. Félagsmálanefnd veitir þjónustuhópi aldraðra, Ísafjarðarbæ, umboð til að annast úthlutun í samræmi við gildandi reglur þar um, sbr. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. nr. 40/1991. Í þjónustuhópi aldraðra sitja fulltrúi úr félagsmálanefnd, lækni, hjúkrunarfræðingur og starfsmaður af fjölskyldusviði. Úthlutun þjónustuíbúða byggist á mati á þjónustubörf umsækjanda sbr. 6. og 7. gr. þessara reglna.*

### 2. gr. Markmið þjónustuíbúða

Markmið með rekstri þjónustuíbúða er að stuðla að sjálfstæði þeirra sem þar búa. Þeim er ætlað að vera íbúum hentugur bústaður þar sem þeir geta haldið eigið heimili sem lengst við ákjósanlegar aðstæður. Með því móti er leitast við að fresta eða koma í veg fyrir dvöl á stofnunum.

## II. kafli Réttur til umsóknar

### 3. gr.

**Forsenda þess að geta sótt um þjónustuíbúð er að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:**

- a. Umsækjandi hafi náð 67 ára aldri.
- b. Umsækjandi eigi lögheimili í Ísafjarðarbæ og hafi átt a.m.k. síðustu tólf mánuði samfleytt áður en umsókn berst.

- c. Umsækjandi hafi að mati félagsráðgjafa/ráðgjafa ekki möguleika á því að kaupa eigið húsnæði sem hentar þörfum hans.

#### **4. gr.**

##### **Undanþága frá búsetuskilyrði**

Þjónustuhópur aldraðra, Ísafjarðarbæ, getur veitt undanþágu frá skilyrðum 3.gr. um lögheimili umsækjanda við eftirfarandi aðstæður:

Umsækjandi hefur búið í Ísafjarðarbæ stóran hluta ævi sinnar en flutt tímabundið úr sveitarfélaginu vegna húsnæðisvanda eða félagslegra aðstæðna.

Umsókn um undanþágu frá búsetuskilyrði skal vera skrifleg og berast þjónustuhópi aldraðra, Ísafjarðarbæ. Í umsókn skal koma fram rökstuðningur fyrir beiðninni.

### **III. kafli**

#### **Meðferð umsóknar**

#### **5. gr.**

##### **Umsókn um þjónustuíbúð og fylgigögn**

Umsókn um þjónustuíbúð á vegum Ísafjarðarbæjar skal send fjölskyldusviði á þar til gerðu eyðublaði. Umsækjandi hefur val um að veita fulltrúum í þjónustuhópi heimild til að afla upplýsinga frá aðilum heilbrigðis- og félagsþjónustu, eftir því sem við á, til stuðnings við gerð matsins. Þá veitir umsækjandi lækni hópsins leyfi til að afla heilbrigðisupplýsinga úr sjúkraskrá. Einnig getur umsækjandi hafnað ofangreindri heimild og skilað inn læknisvottorði.

#### **6. gr.**

##### **Skráning og mat umsóknar**

Umsóknir eru bókaðar í trúnaðarmálabók þjónustuhóps aldraðra. Við mat á umsókn aflar fulltrúi fjölskyldusviðs upplýsinga frá umsækjanda með viðtali og heimsókn, þar sem gert er mat á félagslegum aðstæðum og húsnæðisaðstæðum. Læknir og hjúkrunarfræðingur gera mat á andlegu og líkamlegu heilsufari sbr. 5. gr. Umsókn um þjónustuíbúð er metin eftir aðstæðum umsækjanda og er raðað í forgangsröð eftir fyrirfram ákveðinni stigagjöf, sbr. 7. gr. Umsækjendur fá skriflega tilkynningu um bókanir þjónustuhóps aldraðra.

#### **7. gr.**

##### **Forgangsröðun umsókna/stigagjöf**

Umsóknum er raðað í forgangsröð út frá mati þar sem eftirfarandi þættir eru hafðir til viðmiðunar:

- Húsnæðisaðstæður
- Heilsufar, andlegt og líkamlegt
- Félagslegar aðstæður
- Aldur umsækjanda
- Dagsetning umsóknar

Við forgangsröðun umsókna er notað sérstakt matsblað og stigagjöf, sjá fylgiskjal I, *verklagsreglur vegna mats á þörf og forgangsröðun biðlista eftir þjónustuíbúðum í Ísafjarðarbæ*. Útkoma úr stigagjöf er skráð á biðlista sem hafður er til hliðsjónar við úthlutun.

## **8. gr.**

### **Endurmat umsóknar**

Ef breytingar verða á aðstæðum umsækjanda er hægt að fara fram á endurmat og skulu óskir þar um berast ráðgjafa á fjölskyldusviði.

## **9. gr.**

### **Tilkynning um úthlutun**

Þegar umsækjandi hefur fengið úthlutað þjónustuíbúð er hann látinn vita símleiðis. Umsækjanda er veittur einnar viku frestur til þess að tilkynna hvort hann þiggi þjónustuíbúð eða ekki. Þegar umsækjandi hefur tekið ákvörðun er afgreiðslan tilkynnt honum með formlegum hætti.

## **10. gr.**

### **Leigusamningur o.fl.**

Starfmaður á fjölskyldusviði sér um frágang leigusamnings.

Þegar hjón leigja stærri íbúð og annað þeirra fellur frá er þeim eftirlifandi gefið að minnsta kosti sex mánaða svigrúm til þess að leigja íbúðina áfram. Að þeim tíma liðnum er gert ráð fyrir að viðkomandi flytji í fyrstu einstaklingsíbúðina sem losnar. Það sama gildir ef annað hjóna vistast á hjúkrunarheimili.

Ef einstaklingur vistast á hjúkrunarheimili þarf hann að segja upp leigusamningi innan fjögurra vikna frá fyrsta vistunardegi í hjúkrunarrými. Einstaklingur þarf að skila íbúð innan tveggja mánaða frá fyrsta vistunardegi í hjúkrunarrými.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs gerir tillögu til bæjarstjórnar um fjárhæð húsaleigu og þátttöku í rekstri á þjónustuíbúðunum. Húsaleiga og þjónustugjöld taka breytingum á hverjum tíma í samræmi við þær ákvarðanir.

Innheimta leigugjalds og þjónustugjalda þjónustuíbúða er á vegum Ísafjarðarbæjar. Umsjón og viðhald þjónustuíbúða er á vegum Ísafjarðarbæjar.

## **IV. kafli**

### **Kæruleiðir**

## **11. gr.**

### **Málskot til félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar**

Ákvörðunum þjónustuhóps og starfsmanna, sem grundvallast á reglum þessum, er unnt að skjóta til félagsmálanefndar á grundvelli 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

## **12. gr.**

### **Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála**

Ákvörðun félagsmálanefndar má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála sbr. lög nr. 85/2015. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun félagsmálanefndar.

Afgreitt í félagsmálanefnd þann 9. febrúar 2016 með tillögu til bæjarstjórnar um að reglurnar verði samþykktar. Samþykkt í bæjarstjórn þann 18. febrúar 2016.